

Breytingar á skattlagningu höfundaréttartekna

Í haust var langþráðu baráttumáli höfunda náð í höfn með breytingum á skattalögum, sem fela í sér töluverða kjarabót fyrir meðlimi STEFs. Hér að neðan verður leitast við að skýra betur hvað felst í breytingunum og er mikilvægt að höfundar hugi sérstaklega að því hvort ástæða sé fyrir þá að breyta fyrirkomulagi greiðslna frá STEFi í kjölfarið.



Frá og með 1. janúar 2020 verða höfundaréttargreiðslur skattlagðar sem **fjármagnstekjur einstaklinga utan rekstrar**. Fjármagnstekjuskattur er í dag 22% og einungis greiddur af einstaklingum (ekki félögum). Ekki er heimilt að draga frá nokkurn kostnað af fjármagnstekjum.

STEF mun halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts við úthlutanir til allra einstaklinga og standa skil á þeim fjármunum til skattayfirvalda skv. reglum sem þar um gilda. Upplýsingar um höfundaréttartekjur frá STEFi og skattheimtu verða síðan forskráðar á skattframtöl réttihafa.

Fái höfundar höfundaréttartekjur annars staðar frá, sem teljast tekjur vegna „síðari afnota“ (eins og það er nefnt í hinum nýju lögum), getur viðkomandi einnig talið þær tekjur fram sem fjármagnstekjur. Það er þá gert eftir á, á skattframtali viðkomandi réttihafa. Dæmi um slíkt gæti verið tekjur vegna leigu eða sölu á nótum eða vegna afnota á tónverki í auglýsingu.

Um höfundaréttartekjur og rekstrarfélög

Þegar þetta er skrifað hefur reglugerðin um framkvæmd skattlagningarinnar ekki verið birt, en líklegt er að STEFi verði gert að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af öllum höfundum, burtséð frá því hvort viðkomandi hafi framselt fjárhagslegan hluta höfundaréttarins til félags (líkt og sumir hafa gert). Verða tekin af öll tvímæli um þetta með Ríkisskattstjóra eftir birtingu reglugerðarinnar.

Í þessum tilvikum verður það væntanlega svo, að þau félög sem taka á móti tekjunum frá STEFi þurfi að óska eftir endurgreiðslu fjármagnstekjuskattsins á skattframtali sínu. Að öðru leyti verða félögin skattlögð samkvæmt reglum sem gilda um skattlagningu viðkomandi félagaforms.

Hins vegar er ljóst að það verður eingöngu í undantekningartilvikum sem slíkt fyrirkomulag borgar sig eftir þessar breytingar. Sérfræðingar hafa bent á að frádráttarbær kostnaður þurfi að vera um og yfir 40% af rekstrartekjum viðkomandi félags svo að sú leið feli í sér ávinning umfram hina leiðina.

STEF kemur því hér með á framfæri við þá höfunda, sem hafa hingað til kosið þessa leið, að ígrunda hvort þeir kjósi að fá fjárhagslegan hluta höfundaréttarins endurframseldan til sín sem einstaklinga. Til þess að af slíku geti orðið þarf STEF að fá yfirlýsingu frá forráðamönnum viðkomandi félaga, þess efnis að réttindin hafi verið framseld aftur til viðkomandi höfundar.

Um verktakayfirlýsingar

Með lagabreytingunni missa verktakayfirlýsingar (sem sumir höfundar hafa gefið út) gildi sitt, því sem fyrr segir flokkast höfundaréttartekjur eftirleiðis sem fjármagnstekjur einstaklinga utan rekstrar. Af þeim sökum falla verktakayfirlýsingar í raun sjálfkrafa úr gildi, enda fylgir þeim ekki hagræði eftir breytingarnar.

Erfingjar

Ef einn erfingi tekur við höfundaréttargreiðslum fyrir hönd fleiri erfingja en sjálfs síns, verða tekjurnar forskráðar á hans/hennar skattframtal, sem og hinn greiddi fjármagnsskattur.

Þeim sem vilja kynna sér málið nánar er bent á að skoða lög 111/2019, sem nálgast má á vef Alþingis, sem og viðkomandi reglugerð sem skýrir nánar út framkvæmdina, en reglugerðin mun koma út fyrir áramót.

Aðalúthlutun 2019

Alls var úthlutað tólf sinnum á árinu sem er að líða. Samkvæmt venju var desemberúthlutunin stærst (224 milljónir). Sú úthlutun ber heitið „Aðalúthlutun – Seinni hluti“, en árið 2018 var bætt við miðsumarsúthlutun undir heitinu „Aðalúthlutun – Fyrri hluti“, en hún er í raun innborgun v. flutnings á útvarpsstöðvum RÚV og Sýnar. Seinni hlutinn felur að hluta til einnig í sér flutning á þeim stöðvum, sem og öðrum stöðvum, einnig venjubundna þætti; flutning í sjónvarpi, frumflutningsálag, skilgreinda og óskilgreinda bakgrunnstónlist, greiðslu vegna eintakagerðar til einkanota (IHM) o.fl.

Alls nam heildarúthlutun ársins tæplega 585 milljónum, sem er tæplega 6% hækkun frá því í fyrra. Erum við vitanlega stolt af árangrinum.

Dagur íslenskrar tónlistar 2019



Gerður G. Bjarklind með verðlaun sín í Iðnó

SAMTÓNN stóð að **Degi íslenskrar tónlistar** þann 5. desember. Samkoma var haldin í Iðnó, þar sem Jakob Frímann Magnússon stýrði af röggsemi, veitti viðurkenningar og kynnti söngnúmer. Samkvæmt venju voru þrjú lög í öndvegi og flutt á samkomunni. **Auður** steig fyrst á stökk og söng lag sitt „Enginn eins og þú“, eitt vinsælasta lag ársins. Því næst söng **Matthildur** lag Sykurmolanna, „Ammæli“ og að lokum fluttu **Ragnar Bjarnason** og **Eypór Ingi Gunnlaugsson** lag Þorvaldar B. Þorvaldssonar og Ásgeirs Sæmundssonar, „Froðan“. Má þess geta að einungis 10 dögum síðar féll Ásgeir frá, langt fyrir aldur fram.

Heiðursverðlaunin í ár hlaut útvarpskonan **Gerður G. Bjarklind**, fyrir framúrskarandi störf í þágu íslenskrar tónlistar um áratuga skeið. Frumkvöðlaverðlaunin hlaut **Bjarni Gaukur Sigurðsson**, fyrir starfsemi tónleika- og

listhússins MENGI. **Icelandair** hlaut útflutningsverðlaun SAMTÓNS og að síðustu voru **Bjarna Benediktssyni**, fjármálaráðherra, afhent hvatningarverðlaun ársins, fyrir að vera fyrsti ráðherra heims til að leggja höfundarétt að jöfnu við annan eignarétt í skattalegu tilliti.

Íslensku tónlistarverðlaunin

Opnað hefur verið fyrir skráningu til **Íslensku tónlistarverðlaunanna**, en hægt er að senda inn tilnefningar í fjórum flokkum til og með 15. janúar. Öllu íslensku tónlistarfólki, öllum tónskáldum, útgefendum og öðrum hagsmunaaðilum sem gefið hafa út nýja íslenska tónlist, haldið tónleika eða sent frá sér ný lög, tónverk eða myndbönd árið 2019 er frjálst að senda inn tilnefningar í viðeigandi flokka.

Verðlaunaflokkum hefur fjölgað síðastliðin ár. Bætt hefur verið við verðlaunum fyrir rapp og hiphopp, raftónlist, þjóðlagatónlist og kvikmynda- og leikhústónlist – og hafa þessar breytingar bæði mælst og reynst afar vel.

Verðlaunaflokkar eru þó háðir þeim afmörkunum að nægilega margar frambærilegar tilnefningar berist í tilgreinda flokka. Nánar má fræðast um ÍTV og fyrirkomulag á vefsíðunni www.iston.is.



GDRN og Auður hampa ÍTV-verðlaunum 13.3.2019



Gyða Valtýsdóttir á ÍTV 2019

Gyða tilnefnd til verðlauna

Gyða Valtýsdóttir, sem fyrr á árinu hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, hefur verið tilnefnd til **Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna** af hálfu Íslands, fyrir tónlist myndarinnar „Undir halastjörnu“. Það kemur í ljós í febrúarmánuði í Berlín hver muni hljóta verðlaunin. Íslendingar hafa verið sigursælir á þessum vettvangi undanfarin ár, en í fyrra hreppti Davíð Þór Jónsson þessi eftirsóttu verðlaun fyrir tónlist í myndinni „Kona fer í stríð“ og Daníel Bjarnason árið þar áður vegna myndarinnar „Undir trénu“. Þá hlaut Atli Örvarsson einnig verðlaunin fyrir nokkrum árum fyrir tónlist í myndinni „Hrútar“.

Jóhann Helgason heiðraður á tímamótum

Jóhann Helgason hélt upp á sjötugsafmæli sitt í ár. Á afmælistónleikum í Eldborgarsal Hörpu þann 19. október sámdi varaformaður STEFs, Bragi Valdimar Skúlason, Jóhann heiðursmerki STEFs fyrir hans góða framlag í söngvasjóð Íslendinga. Í leiðinni krækti Bragi heiðursorðu FTT í Jóhann.



Jóhann tekur við heiðursmerk úr hendi Braga

Útibú NCB á Íslandi lokar

Vegna breytts umhverfis útgáfu á föstu formi, verður útibúi NCB á Íslandi lokað í hagræðingarskyni í ársbyrjun 2020. Eftir lokunina (nákvæm dagsetning verður gefin út síðar) munu útgefendur bæði hljóðrita og myndefnis þurfa að snúa sér til skrifstofu NCB í Kaupmannahöfn varðandi afgreiðslu leyfa fyrir útgáfuna. Útgefendur munu nota sömu vefumsóknargáttina og áður fyrir leyfisveitingar (www.ncb.dk/ncb/musicapplication) og verður hún útbúin á þann hátt að hægt verður að greiða beint fyrir leyfin á netinu í gegnum vefgáttina, í stað þess að útibú NCB á Íslandi gefi út reikning, eins og verið hefur.

Lokunin felur ekki í sér neina breytingu fyrir meðlimi STEFs sem tónhöfunda. Skrifstofa STEFs mun áfram verða tengiliður við NCB hvað varðar spurningar um úthlutun og aðra aðstoð varðandi útgáfu verka þeirra á föstu formi. Að því marki sem meðlimir STEFs gefa sjálfir út sín verk þurfa þeir sem útgefendur þó að snúa sér til NCB í Kaupmannahöfn.

● **Árleg skráningaráminning**

Reglulega berast skrifstofu STEFs fyrirspurnir frá höfundum um verk sem einkennd eru með rauðum punkti inni á „Mínum síðum“ (<https://minarsidur.stef.is/>).

Jafnan er um að ræða verk sem ekki hafa verið fullskráð af höfundi/höfundum. Slík verk hafa þó í ákveðnum skilningi verið skráð inn í STEF-kerfið, í ljósi þess að þau hafa verið flutt einhvers staðar (t.d. í útvarpi). Sú skráning er þó aðeins til þess að skjalfesta spilun, þannig að hún „týnist“ ekki.

Rauðmerkt verk eru ekki úthlutunarhæf fyrr en höfundar hafa skráð verkin sjálfir formlega og þar með greint frá skiptingu sín á milli.

Hafi lag verið rauðmerkt og þar með ekki fullskráð í þrjú ár, þá klippist elsta árið aftan af og falla spilanir þess árs niður. Það er því mikilvægt að höfundar gangi frá skráningu fyrr en síðar, ekki síst í ljósi þess að oftast en ekki hljóta lög mesta spilun á fyrsta útgáfuári.

**Starfsfólk STEFs óskar meðlimum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.**

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu.

Haldið áfram að semja og efla andann ;-)

